

Fimmtudaginn 19. febrúar 1998.

Nr. 260/1997.

Runólfur Oddsson

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

gegn

Bjarnþóru Pálsdóttur

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Ærumeiðingar. Miskabætur. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Tjáningarfrelsi. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1997. Hann krefst þess, að eftirgreind ummæli stefndu verði dæmd ómerk:

- a. „Ég held, að þessi einstaklingur sé ekki heill á geði ...“
- b. „... eftir að hafa búið nálægt honum um tíma fór maður að verða óöruggari gagnvart honum og svo börnum manns hins vegar. Hann var orðinn það viðskotaillur í fasi, að maður vissi ekki, upp á hverju hann tæki næst“.
- c. „... að þurfa að búa við þennan ófögnuð ...“.

Krefst áfrýjandi þess jafnframt, að stefnda verði dæmd til að greiða sér 750.000 krónur í miskabætur. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en henni var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti 21. nóvember 1997.

Fyrir héraðsdómi höfðaði áfrýjandi málið gegn stefndu og Hjörleifi B. Kvaran. Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti hefur verið fallið frá áfrýjun þess gegn hinum síðarnefnda.

I.

Fyrir héraðsdómi krafðist áfrýjandi þess, að fimm tilgreind ummæli stefndu í bréfi hennar 12. desember 1994 yrðu dæmd ómerk. Með héraðsdómi var fallist á, að þau orð, sem greinir í a-lið kröfugerðar áfrýjanda fyrir Hæstarétti, yrðu dæmd ómerk, en sýknað af kröfu um ómerkingu annarra ummæla. Stefnda hefur ekki gagn-

áfrýjað málinu, og kemur niðurstaða héraðsdóms um ómerkingu ummæla í a-lið því ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi ekki uppi kröfu um ómerkingu tvennra ummæla, sem kröfugerð hans í héraði laut að.

Bréf stefndu var ritað að ósk fyrrum nággranna hennar í fjöl-eignarhúsinu nr. 124–136 við Álakvísl í Reykjavík, en hún hafði búið þar frá því í mars 1993 þar til í ágúst 1994. Þeir áttu þá í deilu við áfrýjanda vegna hundahalds hins síðarnefnda í húsinu, en inn í þá deilu sýnast hafa fléttast margvísleg önnur ágreiningsefni sömu manna. Höfðu nágrannarnir skömmu áður krafist þess, að borgaryfirvöld sviptu áfrýjanda undanþágu frá banni við hundahaldi, sem honum hafði verið veitt 1991, vegna brota hans á settum skilyrðum. Stefnda var, þegar þá var komið, ekki lengur beinn þátttakandi í þessum erjum, sem virðast hafa magnast smám saman. Hún hefur sjálf lýst því svo, að með bréfinu hafi hún viljað veita fyrrum nággrönnum sínum stuðning í deilunni, en því var beint „Til þeirra, er málið varðar“. Mátti henni vera fullljóst, að það yrði lagt fyrir þau stjórnvöld, sem hefðu til úrlausnar kröfuna um sviptingu leyfis til hundahalds.

Þau ummæli í bréfi stefndu, sem getur í b-lið kröfugerðar áfrýjanda, eru í beinu framhaldi þeirra orða, sem tilfærð eru í a-lið kröfugerðar hans. Má í því samhengi skilja þau svo, að í þeim felist skírskotun til þess mats stefndu á andlegu ástandi áfrýjanda, að hann sé ekki heill á geði og að hún sé því hrædd við hann. Þótt ýmislegt virðist hafa gengið á í samskiptum áfrýjanda við nággranna sína í húsinu, er ekkert fram komið, sem rennir stoðum undir, að hann hafi með háttsemi sinni gefið stefndu tilefni til að óttast um eigið öryggi og barna sinna. Þegar til alls þessa er litið, verður fallist á með áfrýjanda, að ummæli, sem getur í b-lið kröfugerðar hans, séu í senn móðgandi og feli í sér aðdróttun og varði þannig við 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þau eru óviðurkvæmleg og verða samkvæmt því dæmd ómerk, sbr. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Áfrýjandi rökstyður kröfu um ómerkingu ummæla í c-lið kröfugerðar sinnar með því, að stefnda hafi með þeim verið að vísa til áfrýjanda sjálfs, sem hafi verið sá ófögnuður, er hún hafi þurft að búa við í húsinu. Þessi staðhæfing áfrýjanda er langsótt. Af samhenginu er mun nærlægara að telja, að þau feli í sér skírskotun til

lýsinga í bréfi hennar á ástandinu í húsinu, þar með talið sóðaskapar og ólyktar, sem leitt hafi af hundahaldi áfrýjanda og brota hans á settum reglum. Verður kröfu hans um ómerkingu þessara ummæla hafnað.

Stefnda ber fyrir sig ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Samkvæmt 3. mgr. þeirrar greinar er heimilt að setja tjáningarfrelsi skorður til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra. Þau ákvæði almennra hegningarlaga, sem að framan getur, eru lögbundnar takmarkanir á tjáningarfrelsinu í samræmi við þessa heimild. Takmörkunin er einnig í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sem er af sama toga og nefnt ákvæði stjórnarskrár. Kröfu stefndu um sýknu, sem á þessum grunni er reist, er því hafnað.

II.

Áfrýjandi reisir kröfu um miskabætur á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefnda mótmælir kröfunni meðal annars með vísan til þess, að áfrýjandi hafi sjálfur gefið fullt tilefni með háttsemi sinni til þeirra orða, sem hún viðhafði í bréfi sínu.

Fyrrum nágrannar stefndu fóru þess á leit í lok ágúst 1994, að áfrýjandi yrði sviptur heimild til að hafa áfram Schäfer-tík sína í húsinu. Áfrýjandi mótmælti, en borgaryfirvöld féllust endanlega á kröfu nágrannanna í apríl 1995. Deila þeirra við áfrýjanda sýnist hafa átt nokkurn aðdraganda. Virðist óánægja nágrannanna hafa magnast vorið 1994, er tíkin gaut nokkrum hvolpum, sem áfrýjandi hafði um sumarið í húsinu og garði fjöleignarhússins eða hluta hans. Eins og málið liggur fyrir, verður ekki annað ráðið en áfrýjandi hafi brotið sett skilyrði fyrir hundahaldi í ýmsum greinum. Auk þess sýndi hann nágrönnum sínum mikið tillitsleysi og brást illa við umkvörtunum þeirra og óskum um úrbætur. Ber að líta á kröfu áfrýjanda um miskabætur í ljósi þessara deilna, og er hafið yfir vafa, að eigin sök hans í málinu er veruleg. Þrátt fyrir það verður að fallast á, að stefnda hafi með ummælum sínum, sem getur í a- og b-lið að framan, seilst lengra en réttlætt varð með vísan til háttsemi áfrýjanda. Er þá jafnframt litið til þess, að orð hennar voru sett fram í bréfi, sem ætla mátti, að lagt yrði fyrir stjórnvöld, er höfðu þá til úr-

lausnar mál, sem varðaði hagsmuni áfrýjanda og annarra. Verður henni því gert að greiða áfrýjanda miskabætur, sem að öllum atvikum virtum og eigin sök áfrýjanda þykja hæfilega ákveðnar 20.000 krónur.

Samkvæmt öllu framanröktu verða úrslit málsins þau, að ómerkt eru ummæli í a- og b-lið kröfugerðar áfrýjanda fyrir Hæstarétti og stefnda dæmd til greiðslu miskabóta, að fjárhæð 20.000 krónur, með vöxtum frá uppsögu dóms í Hæstarétti. Öðrum kröfum áfrýjanda í málinu er hafnað. Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti, en gjafsóknarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti verður ákveðinn, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Framangreind ummæli í a- og b-lið kröfugerðar áfrýjanda, Runólfs Oddssonar, skulu vera ómerk.

Stefnda, Bjarnþóra Pálsdóttir, greiði áfrýjanda 20.000 krónur í miskabætur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá uppsögu dóms þessa til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað er staðfest.

Gjafsóknarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. mars 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. febrúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Runólfi Oddssyni, kt. 290656-4519, Álakvísl 126, Reykjavík, á hendur Bjarnþóru Pálsdóttur, kt. 070571-5529, Mosarima 13, Reykjavík, og Hjörleifi Kvaran, kt. 030351-3719, Nesvegi 55, Reykjavík, með stefnu, birtri 21. og 27. ágúst 1996.

Dómkröfur stefnanda eru:

I. Að neðangreind ummæli stefndu, Bjarnþóru, í yfirlýsingu hennar frá 12. desember 1994 verði dæmd ómerk:

a. „Svo að ekki sé talað um allan þann úrgang, sem kom frá þessum sjö hundum og lagði svoleiðis skítafnykinn yfir allt, að ekki var hægt að njóta þess að vera úti við.“

b. „Ég held, að þessi einstaklingur sé ekki heill á geði ...“

c. „...eftir að hafa búið nálægt honum um tíma fór maður að verða óruggari gagnvart honum og svo börnum manns hins vegar. Hann var orðinn það viðskotallur í fasi, að maður vissi ekki, upp á hverju hann tæki næst“.

d. „...að þurfa að búa við þennan ófögnuð ...“.

e. „Sóðaskapur hans jókst og gerir það sjálfsagt áfram, ef eitthvað verður ekki gert strax.“

II. *Sektir í ríkissjóð.*

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði bæði dæmd til greiðslu sektar í ríkissjóð, stefnda, Bjarnþóra, fyrir ofangreind ummæli og stefndi, Hjörleifur, fyrir að bera ummælin út.

III. *Miskabætur.*

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda 750.000 kr. í miskabætur auk dráttarvaxta frá 5. september 1996 til greiðsludags.

IV. *Málskostnaður.*

Að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefnda, Bjarnþóra Pálsdóttir, krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og að henni verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómismálaráðuneytisins 17. febrúar 1997 var stefndu, Bjarnþóru, veitt gjafsókn í málinu fyrir héraðsdómi.

Stefndi, Hjörleifur B. Kvaran, krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins auk virðisaukaskatts og málflutningsþóknunar. Hann krefst þess, að sér verði dæmt álag á málskostnað og að umboðsmanni stefnanda verði gert að greiða sameiginlega með stefnanda tildæmdan málskostnað, allt í samræmi við ákvæði 131. gr. laga nr. 91/1991.

I.

Stefnandi greinir þannig frá tildrögum málsins og málsástæðum sínum í stefnu:

Upphaf þessa máls má rekja til þess, er stefnandi og stefnda, Bjarnþóra, bjuggu bæði í fjölþýli að Álakvísl, Reykjavík. Stefnandi fluttist í maí 1990 í íbúð nr. 126 að Álakvísl, og í mars 1993 fluttist stefnda, Bjarnþóra, í næstu íbúð, Álakvísl 124. Stefnandi hélt þá hund í íbúð sinni, en hann hafði haft leyfi fyrir hundinum frá árinu 1991. Stefnda, Bjarnþóra, fluttist úr húsinu í ágúst 1994.

Ekki var mikill samgangur milli stefnanda og annarra íbúa í fjölbýli þessu, en það eru íbúðirnar nr. 124, 126, 128, 132, 134 og 136. Má rekja upphaf deilna milli íbúanna til þess, að stefnandi gagnrýndi stjórn fjármála húsfélagsins og taldi, að ýmislegt mætti betur fara í þeim efnunum. Fann stefnandi einnig að því, að húsfundir voru ekki boðaðir og haldnir skv. lögum, heldur ætíð haldnir í íbúð konu Ólafs Benediktssonar með óformlegum hætti, t. d. engin fundargerðabók haldin. Varð þetta til þess, að stefnandi fékk suma íbúa hússins upp á móti sér, þ. á m. stefndu, Bjarnþóru, sem tók málstað gjaldkera húsfélagsins, Ólafs Benediktssonar. Rétt er að geta þess, að stefnandi kærði gjaldkerann til RLR vegna bókhalds húsfélagsins (dskj. nr. 3).

Í kjölfar gagnrýni stefnanda á fjármálastjórn húsfélagsins varð hann fyrir stöðugt vaxandi áreiti að hálfu íbúa fjölbýlishússins. Tekur stefnandi fram, að ekki stóðu allir íbúar hússins að þessu, en þeir, sem á annað borð gerðu það, gengu þeim mun harðar fram. Tóku árásir íbúanna fljótlega að beinast að hundahaldi stefnanda, og var honum sagt, að ef hann „héldi sig ekki á mottunni“, yrði hann neyddur til að láta frá sér hund sinn, en íbúarnir töldu samþykki þeirra skilyrði fyrir hundaleyfi stefnanda. Stefnanda var einnig gert ýmislegt annað til miska, t. d. ruddist gjaldkerinn, Ólafur Benediktsson, eitt sinn inn í íbúð stefnanda og sló hann niður (dskj. nr. 4). Hundur stefnanda var þó aðalbitbein íbúanna, enda töldu þeir, að þar væri stefnandi veikur fyrir, þar sem hann þyrfti samþykki fyrir hundahaldinu.

Stefnandi lét hótanir nággranna sinna lönd og leið, enda taldi hann hundahald sitt fyllilega í samræmi við reglur þar um og að hundaleyfi sitt yrði því ekki afturkallað á grundvelli rögburðar eins.

Íbúar fjölbýlishússins að Álakvísl 124–136 létu hins vegar ekki þar við sitja, heldur fóru fram á það við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með bréfi, dags. 31. ágúst 1994 (dskj. nr. 5), að hundaleyfi stefnanda yrði afturkallað. Í kjölfar þessa bréfs gaf stefnda, Bjarnþóra, út yfirlýsingu þá, er varð tilefni þessa máls (dskj. nr. 6). Yfirlýsing þessi er full af rögburði og rangfærslum. Meðal annars ber hún þar á stefnanda sóðaskap og segir, að skítafnyk hafi lagt yfir allt að Álakvísl 124–136. Telur stefnandi, að stefnda fari þar með vísvitandi rangfærslur, enda hafi hundeftirlitsmenn staðfest fyrir dómi í málinu nr. 4579/1995, að engin sjáanleg óþrif hafi hlotist af hundahaldi stefnanda (dskj. nr. 7). Í yfirlýsingunni er að finna öll þau ummæli, sem krafist er ómerkingar á.

Stefnandi telur, að öll þessi ummæli séu refsiverð og að hann eigi rétt á bótum úr hendi stefndu, Bjarnþóru, vegna þeirra. Þá eigi hann rétt á, að ummælin verði dæmd dauð og ómerk.

Þegar stefnandi sá yfirlýsingu þessa, trúði hann vart, að Bjarnþóra hefði í raun og veru skrifað hana sjálf, né að það hefði verið ætlun hennar að bera út slík rangindi um stefnanda. Hinn 26. janúar 1996 kom hún hins vegar fyrir dóm og staðfesti ummælin (dskj. nr. 8). Var þá í dómsalnum nokkur fjöldi fólks og m. a. fréttamenn frá íslenskum fjölmiðlum. Stefnandi getur ekki unað við, að ummæli þessi standi, og er því neyddur til að höfða mál þetta, til refsingar, ómerkingar ummæla og greiðslu skaðabóta.

Yfirlýsing stefndu, Bjarnþóru, var lögð fram í héraðsdómsmálinu nr. 4579/1995 í Héraðsdómi Reykjavíkur. Það var stefndi, Hjörleifur, er það gerði og fékk stefndu, Bjarnþóru, svo fyrir dómi til að staðfesta ummæli sín eða endurtaka þau. Telur stefnandi, að stefndi, Hjörleifur, hafi með því fyrst að leggja þessa yfirlýsingu fram og síðar með því að leiða stefndu, Bjarnþóru, sem vitni gerst sekur um að bera út refsiverð ummæli, en slíkt sé refsivert samkvæmt hegningarlögum. Því sé rétt að stefna báðum stefndu til refsingar og til greiðslu bóta in solidum.

Stefndi, Hjörleifur B. Kvaran, tekur fram í greinargerð sinni, að stefnandi þessa máls, Runólfur Oddsson, hafi fengið undanþágu frá banni við hundahaldi í Reykjavík árið 1991. Þegar umsókn hans hafi verið samþykkt, hafi fylgt með samþykki annarra íbúa fjöleignarhússins að Álakvísl 124–136, sbr. 2. gr. B-liðar samþykktar um hundahald í Reykjavík nr. 305/1989. Þá hafi fyrst verið kvartað yfir hundahaldi stefnanda árið 1991, en árið 1994 hafi margsinnis verið kvartað við heilbrigðiseftirlit og borgarráð yfir hundahaldi stefnanda. Hafi framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur lagt til við borgarráð með bréfi, dags. 14. október 1994, að leyfi stefnanda yrði afturkallað, og hafi borgarráð samþykkt afturköllunina á fundi sínum 18. október 1994. Síðar hafi komið í ljós, að þessi ákvörðun borgarráðs var annmörkum háð, þar sem stefnanda hafði ekki verið gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, áður en stjórnvaldið tók ákvörðun sína, eins og kveðið er á um í 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Borgarráð hafi því samþykkt 28. nóvember 1994 að fresta framkvæmd afturköllunarinnar, og hafi stefnandi verið tilkynnt þessi ákvörðun með bréfi 1. desember 1994. Stefnandi hafi nýtt sér andmælarétt sinn með bréfi til borgarráðs, dags. 9. desember 1994. Eftir fjölmargar fyrirtektir á máli þessu hafi borgarráð samþykkt á fundi sínum 11. apríl 1995, að afturköllun á leyfi stefnanda til hundahalds kæmi til framkvæmda 1. júní 1995, og hafi honum verið tilkynnt þessi ákvörðun með bréfi, dags. 12. apríl 1995. Stefnandi hafi freistað þess að fá ákvörðun borgarráðs um afturköllun á undanþágu frá banni við hundahaldi ógilta og höfðaði mál gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 23. febrúar

1996 í málinu nr. E-4579/1995 hafi Reykjavíkurborg verið sýknuð af öllum kröfum stefnanda.

Um málavexti er af hálfu stefndu, Bjarnþóru, greint frá því, að hún hafi búið að Álakvísl 124 árið 1993 og fram til ágústloka 1994. Svo hafi hagað til, að íbúð sú, er Bjarnþóra bjó í, sé á jarðhæð, og sé gengið út í garð hússins úr íbúðinni í stað svala, sem eru á efri hæðum. Íbúð stefnanda sé á jarðhæð við hlið íbúðar stefndu og með hliðstæðu aðgengi að garði. Hafi stefnda því verið í mestu nábyli við stefnanda af íbúum hússins, einkum þó að því er snertir aðstöðu til veru utan dyra. Garður stefndu hafi verið ofurseldur ágangi hunda stefnanda, og sé ljóst, að stefnda varð að þola meira ónæði af því en aðrir íbúar í húsinu. Hafi henni og verið best kunnugt um ástandið á hverjum tíma, þar eð hún hafði það daglega fyrir augum. Af þessum sökum hafi fjölmargir íbúar húsanna nr. 124–136 við Álakvísl leitað til stefndu og óskað eftir því, að hún léti þeim í té greinargerð um hundahald stefnanda og samskipti við hann þar að lútandi til stuðnings kröfum þeirra um úrbætur eða afturköllun á leyfi stefnanda til hundahalds. Yfirlýsing stefndu á dskj. 6. sé svar hennar við þessari málaleitan, og hafi hún afhent hana forsvarsmönnum þeirra íbúa, sem stóðu að baráttu íbúanna fyrir því að ná rétti sínum gagnvart stefnanda. Ekkert hafi legið fyrir um það, að skjalið væri ætlað til framlagningar hjá stjórnvöldum eða dómstólum, heldur hafi verið um stuðningsyfirlýsingu að ræða, svo sem ráða megi af inngangi þess. Í lok október 1995 hafi þáverandi lögmaður stefnanda, Sigurður A. Þór-oddsson hdl., haft samband við stefndu og tjáði henni, að stefnandi krefðist þess, að hún drægi til baka bréf sitt frá 12. 12. 1994, yfirlýsinguna á dskj. nr. 6, en að öðrum kosti myndi stefnandi höfða meiðyrðamál á hendur stefndu. Hafi stefnda fallist á að verða við þessum tilmælum, ekki vegna þess að hún teldi sig ekki geta staðið við efni bréfsins, heldur til þess að komast hjá óþægindum af hugsanlegum málaferlum. Stefnandi hafi hins vegar neitað að staðfesta, að hann félli frá hugsanlegri málshöfðun, og hafi því ekki orðið af þessum ráðagerðum.

II.

Kröfu sína um ómerkingu tilgreindra ummæla stefndu, Bjarnþóru, kveðst stefnandi reisa á því, að ummælin feli í sér ósannindi, í þeim felist aðdróttanir, sum séu ærumeiðandi og öll a. m. k. móðgandi og óviðurkvæmleg.

Stefnandi telur, að í ummælum þessum felist aðdróttanir, sbr. 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ummælin séu ærumeiðandi, sbr. 234. gr. og 236. gr. hgl. Verið sé að bregða sér brigslum, sbr. 237. gr. hgl., auk þess sem ummælin brjóti gegn 147. gr. hgl. Því beri að ómerkja ummælin, sbr. 241. gr. hgl., þar sem þau séu óréttmæt gagnvart stefnanda.

Í stefnu rekur stefnandi ummæli þau, er hér um ræðir, og þær ástæður, er hann telur leiða til þess, að þau beri að ómerkja. Þar segir:

a. „Svo að ekki sé talað um allan þann úrgang, sem kom frá þessum sjö hundum, og lagði svoleiðis skítafnykinn yfir allt, að ekki var hægt að njóta þess að vera úti við.“

Stefnandi telur hér um hrein ósannindi að ræða. Rétt sé, að um vorið 1994 hafi tók sín gotið, en hann losað sig mjög fljótt við flesta hvolpana. Hann hafi einungis haldið einum eftir, og sé því vægast sagt um ýkjur að ræða, þegar stefnda segir hundana hafa verið sjö. Réttara sé einn hundur og einn hvolpur. Eins og áður er komið fram, fundu hundaeftirlitsmenn ekkert athugavert við hundahald stefnanda og alls ekki óþrif. Fullyrðingar um „skítafnyk“ eigi því engan rétt á sér. Ofangreind ummæli eru því ósönn og ósönnuð með öllu. Stefnandi telur ummælin einnig fela í sér aðdróttun og auk þess móðgandi. Því beri að dæma þau ómerk.

b. „Ég held, að þessi einstaklingur sé ekki heill á geði ...“.

Stefnandi telur, að hér taki fyrst steininn úr í ummælum stefndu. Hér sé það borið á stefnanda, að hann sé geðveikur. Stefnandi telur það mjög ámælisvert að láta frá sér yfirlýsingu til nota opinberum aðilum, þar sem slíku er haldið fram. Stefnandi telur það alls ekki ganga upp, að slík ummæli, sem meira að segja hafa verið lögð fram í dómsmáli, málstað gagnaðila stefnanda til framdráttar, fái að standa. Stefnandi telur ummæli þessi í meira lagi ærumeiðandi, móðgandi og særandi. Skoðanir stefndu, Bjarnþóru, á stefnanda, á hvaða grundvelli sem þær séu reistar, geti ekki falið í sér réttlætingu á orðum hennar í yfirlýsingu hennar frá 12. desember 1994, „Til þeirra, er málið varðar“, en með því að stefnda, Bjarnþóra, hefur eigi heldur rennt nokkrum stoðum undir ummæli sín, verður að telja þau óréttmæt gagnvart stefnanda, og ber því tvímælalaust að ómerkja þau á grundvelli 241. gr. hgl.

c. „... eftir að hafa búið nálægt honum um tíma fór maður að verða óruggari gagnvart honum og svo börnum manns hins vegar. Hann var orðinn það viðskotailur í fasi, að maður vissi ekki, upp á hverju hann tæki næst“.

Stefnandi telur, að hér sé um alvarlegar aðdróttanir að ræða. Verði ummæli þessi ekki skilin öðruvísi en svo, að börnum stafi hætta af sér. Kveður stefnandi, að ósmekklegrri rógburð hafi hann sjaldan heyrt eða séð. Hann hafi aldrei gert barni neitt til miska, miklu heldur hafi hann ávallt lagt sig fram um að vera barngóður. Sem dæmi um það nefnir hann, að á heimili sínu að Álakvísl 126 hafi börn úr öllu hverfinu komið í heimsóknir til sín, þ. m. t. sonur stefndu, Bjarnþóru, meðan hún bjó þar. Að drótta því að stefnanda, að fólk hafi verið óruggt með börn sín vegna hans, telur stefn-

andi vera rógburð og ósannindi, sem mjög ómaklega sé að sér beint, og eigi hann því rétt á, að ummælin verði ómerkt.

d. „... að þurfa að búa við þennan ófögnuð...“.

Stefnandi telur ekki ljóst, hvort með ívitnuðum orðum sé verið að halda því fram, að hann sjálfur sé ófögnuður, eða hvort átt sé við nábyli við sig. Á hvorn veginn sem ummæli þessi verði skilin, telur stefnandi, að þau beri að ómerkja, enda séu þau særandi og móðgandi.

e. „Sóðaskapur hans jókst og gerir það sjálfsagt áfram, ef eitthvað verður ekki gert strax.“

Stefnandi telur hér enn vera um að ræða ósannar fullyrðingar um sóðaskap. Sem svar við slíkum fullyrðingum vísar hann til þess, sem áður er sagt. Þá telur stefnandi fráleitt, að stefnda, Bjarnþóra, sé að gefa yfirlýsingu um, hvað síðar muni verða, þ. e., að sóðaskapur muni aukast, verði ekkert að gert. Enn telur stefnandi, að í orðunum „verður ekki gert strax“ felist áskorun til opinberra aðila um, að grípa þurfi til aðgerða á hendur sér. Slík áskorun sé óeðlileg, sér í lagi í ljósi þess, að í henni felist hvatning til að grípa til aðgerða á grundvelli ósannra staðhæfinga, einnig þar sem Bjarnþóra fluttist úr Álakvísl í lok ágúst 1994. Telur stefnandi því, að ómerkja beri þessi ummæli.

Stefnandi kveðst krefjast þess, að stefndu, Bjarnþóru, verði gert að greiða sekt í ríkissjóð vegna umræddra ummæla á grundvelli ákvæða í 234., 235., 236. og 237. gr. hgl. Rökin fyrir því, að sektum beri að beita, séu hin sömu og rökin fyrir því, að ómerkja beri ummælin. Stefnandi telur einnig, að stefnda, Hjörleifi, beri að greiða sekt í ríkissjóð á grundvelli sömu lagagreina, enda séu lögð að jöfnu refsiverð ummæli og sú athöfn að bera þau út. Stefnandi telur, að með því að leggja yfirlýsingu stefndu, Bjarnþóru, fram í dómi hafi stefndi, Hjörleifur, gerst sekur um útbreiðslu ummæla, er varða við 234., 235., 236. og 237. gr. hgl. Því beri einnig að dæma hann til greiðslu sektar í ríkissjóð. Á því sé byggt í máli þessu, að téð yfirlýsing Bjarnþóru hafi verið með öllu óþörf sem sönnunargagn Reykjavíkurborgar í héraðsdómsmálinu nr. 4579/1995. Ljóst hafi mátt vera, að ávirðingar borgarinnar yrðu ekki sannaðar nema með staðfestingu hundaeftirlitsmanna borgarinnar. Í ljósi þessa verður að skoða þátt Hjörleifs í málinu, þegar hann leiddi stefndu, Bjarnþóru, sem vitni 26. janúar 1996 og lét hana staðfesta ákveðna efnisþætti téðrar yfirlýsingar fyrir dómi, en með því jók Hjörleifur enn sök sína og undirstrikar enn frekar þann tilgang sinn með framlagningu yfirlýsingarinnar að ófrægja málstað stefnanda og mannorð hans með ósönnuðum fullyrðingum stefndu, Bjarnþóru.

Um miskabætur kveðst stefnandi styðja kröfu sína því, að með um-

ræddri yfirlýsingu hafi verið vegið mjög að mannorði sínu og æru. Yfirlýsingar um sóðaskap, ætlaða geðveiki og að börnum kunni að stafa hætta af sér hljóti að hafa skaðað mannorð sitt. Slík ummæli geti verið erfitt að af-sanna, og því sé mönnum veitt vernd gagnvart slíku með refsilögum. Þá sé mönnum einnig veitt slík vernd með bótarétti, sé út af brugðið. Stefnandi telur, að smávægilegar sektir geti ekki haft nefnd varnaðaráhrif, og sé því brýnt, að menn þurfi ekki að þola aðför að mannorði sínu bóttalaust. Því sé nauðsynlegt í ljósi varnaðaráhrifa að dæma sér miskabætur vegna nefndra ummæla stefndu, Bjarnþóru, sem og vegna framlagningar stefnda, Hjörleifs, á sömu ummælum í dómi. Stefnandi heldur því einnig fram, að ummæli þessi hafi sært sig mjög og orðið til að rýra álit sitt, en sér sé kunnugt um, að ummælin hafi borist víða. Eigi það einnig að leiða til þess, að sér verði dæmdar miskabætur vegna ofangreinds.

Stefnandi telur, að kröfu sinni um miskabætur, að fjárhæð 750.000 kr., sé mjög stillt í hóf. Í ljósi þess, hversu óviðurkvæmileg ummælin séu sem og framlagning þeirra í dómi, sé fjárhæð þessi sanngjörn og síst of há.

Stefnandi telur sig hafa verið til knúinn að höfða mál þetta í ljósi grófleika ummælanna sem og þess, að ummælunum var beint gegn sér í dómsmáli. Eigi hann því rétt á að fá greiddan allan kostnað sinn vegna málsins.

Um lagarök kveðst stefnandi vísa til 234., 235., 236., 237. og 241. gr. hgl. og einnig til 147. gr. s. 1. Þá vísi hann til 26. gr. skaðabótalaga og 1. mgr. 130. gr. einkamálalaga.

III.

Stefndi, Hjörleifur B. Kvaran, kveðst starfa sem lögmaður Reykjavíkurborgar og bera embættisheitið borgarlögmaður. Sem lögmanns Reykjavíkurborgar hafi komið í sinn hlut að verja Reykjavíkurborg í héraðsdómsmálinu nr. E-4579/1995. Í því hafi verið lögð fram fjölmörg málskjöl af hálfu stefnanda, og jafnframt væri lögð fram greinargerð af hálfu Reykjavíkurborgar. Með greinargerðinni hafi enn fremur verið lögð fram þau skjöl, sem stefnandi hafði ekki lagt fram, en höfðu verið lögð fram í borgarráði og voru grundvöllur ákvörðunar borgarráðs að afturkalla undanþágu stefnanda frá banni við hundahaldi í Reykjavík. Meðal þeirra skjala hafi verið bréf Bjarnþóru Pálsdóttur, sem er dskj. 6 í máli þessu. Bréf Bjarnþóru hafi verið lagt fram á fundi borgarráðs 13. desember 1994, en bréf, sem lögð séu fram í borgarráði, séu þar með opinber gögn, og eigi almenningur óheftan aðgang að þeim í skjalasafni Reykjavíkurborgar. Stefnandi heldur því fram, að nauðsynlegt hafi verið að leggja skjal þetta fram í áður nefndu héraðsdómsmáli og jafnframt óhjákvæmilegt. Í málinu hafi verið fjallað um aftur-

köllun undanþágu frá banni við hundahaldi stefnanda, og nauðsynlegt hafi verið að leggja fram þau opinberu gögn, sem lágu til grundvallar, þegar borgarráð tók ákvörðun sína. Stefndi telur, að ámælisvert hefði verið af hálfu borgarlögmanns að skjóta undan einstökum bréfum, sem lögð höfðu verið fram á fundum borgarráðs og leiddu til ákvörðunar ráðsins. Stefndi, sem hafi verið að sinna lögmannsstörfum sínum fyrir Reykjavíkurborg, telur, að hann hafi í alla staði staðið rétt að málsvörn Reykjavíkurborgar og verið að sinna skyldustörfum sínum sem borgarlögmaður.

Stefndi, Hjörleifur, kveðst ekki kannast við þá fullyrðingu í stefnu, að skorað hafi verið á borgarlögmann að draga bréf Bjarnþóru Pálsdóttur til baka úr héraðsdómsmálinu, enda hafi það varla verið á hans færi að draga til baka opinber bréf, sem lögð höfðu verið fram í borgarráði.

Stefndi bendir á, að stefnandi hafi lagt fram vitnisburð Bjarnþóru Pálsdóttur sem endurrit úr vitnaleiðslum í héraðsdómsmálinu nr. E-4579/1995. Af þessum vitnisburði megi sjá, að það var lögmaður stefnanda, en ekki borgarlögmaður, sem óskaði eftir staðfestingu Bjarnþóru á bréfinu, sem hún ritaði borgarráði. Og stefndi tekur fram, að vitnisburður annarra íbúa fjöleignarhússins að Álakvísl 126–132 hafi verið samhljóða framburði Bjarnþóru, að því er varði þær spurningar, sem borgarlögmaður bar upp við vitnin í héraðsdómsmálinu.

Með vísun til alls þessa krefst stefndi, Hjörleifur, sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Kveðst hann styðja málskostnaðarkröfu sína við 1. mgr. 130. gr. og 131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV.

Af hálfu stefndu, Bjarnþóru, er því haldið fram, að ekkert í ummælum sínum sé þess eðlis, að þau geti talist refsiverð eða eigi að vera dæmd ómerkt. Kveðst stefnda einkum skírskota til reglunnar um exceptio veritatis, sem telja verði grundvallarreglu í íslenskri meidyrðalöggjöf. Þá sé bent á, að stefnandi hafi sjálfur gefið tilefni til þeirra ummæla, sem stefnt er fyrir í málinu, en ákv. 239. gr. alm. hegningarlaga heimili að láta refsingu falla niður, ef um provocatio sé að ræða; retorsio leiði til refsileysis eða a. m. k. brottfalls refsingar. Megi rekja þessa lagareglu til ævagamalla sjónarmiða, sbr. reglur Grágásar um orðhefnd.

Stefnda vísar til stjórnarskrárvarinna grundvallarréttinda um tjáningarfrelsi. Í yfirlýsingu sinni sé hún að lýsa atburðum eins og hún reyndi þá. Í veigamiklum atriðum sé tjáning sín huglæg (subjectiv). Eigi þetta einkum við um þau ummæli, sem hvað mest virðast hafa farið fyrir brjóstið á stefnanda, þ. e. þessi: „Ég held, að þessi einstaklingur sé ekki heill á geði, og eftir að hafa búið nálægt honum um tíma fór maður að verða óruggari gagn-

vart honum svo og börnum manns hins vegar.“ Megi hverjum manni vera ljóst, að í þessum orðum felist ekki staðhæfing um, að stefnandi sé ekki heill á geði, heldur sé stefnda hér að lýsa skoðun sinni á einkar persónubundinn og tilfinningalegan hátt. Að segja, að maður haldi eitthvað, verði ekki túlkað sem staðhæfing um, að það, sem maður heldur, sé rétt.

Tilvitnanir stefnanda í 236. og 237. gr. alm. hegningarl. telur stefnda alveg út í hött. Það, sem stefnda hafi sagt, sé sagt eftir bestu vitund og að marggefnu tilefni. Ef litið sé til dómskjala nr. 5 og 11, sé ljóst, að nær allar þær ávirðingar, sem fram koma í bréfi stefndu á dskj. nr. 6, hafa áður komið fram af hálfu fjölmargra íbúa að Álakvísl 124–136. Efni bréfs stefndu sé því að mestu endurtekning á því, sem fjöldi fólks hafi áður staðhæft í bréfum til borgarráðs, er þar hafi verið lögð fram sem opinber skjöl. Þannig séu t. d. staðhæfingar sínar um sóðaskap stefnanda þar fram settar og raunar einnig sannaðar með öðrum hætti.

Stefnda telur það sérkennilegt, að stefnandi lætur hjá líða að krefjast refsingar eða ómerkingar þeirra ummæla stefndu, að hann hafi sýnt fjölskyldu hennar og öðrum íbúum hússins mikinn hroka og óvirðingu og stundað það að koma til stefndu og baktala alla og uppnefna í húsinu, þó sérstaklega húsvörðinn. Vætanlega telji stefnandi sig ekki geta andmælt þessum staðhæfingum stefndu, þar eð þær séu á rökum reistar. Það sé þó ekki síst þetta framferði stefnanda, sem hafi valdið hinni neikvæðu afstöðu stefndu til hans. Þá sé sérkennilegur sá þáttur í málatilbúnaði stefnanda, sem lúti að tilefnislausri kæru hans á hendur gjaldkera húsfélagsins. Eigi hann þó þakkir skildar fyrir þetta innlegg, því að með því hafi hann áréttað staðhæfingar íbúanna um, að stefnandi hafi verið upphafsmaður að ýmsum málsýfingum í sambýlinu, sem styrki fullyrðingar þeirra um framferði hans við hundahaldið.

Stefnda mótmælir sérstaklega kröfum stefnanda um miskabætur. Stefnda telur, að stefnandi hafi gefið fullt tilefni til þeirra ummæla, sem hún viðhafði í margnefndu bréfi á dskj. 6. Hann eigi því sjálfur sök á þeim meingjörðum, sem hann telji sig hafa orðið fyrir, og verði að bera skaða sinn óbættan, ef einhver er.

V.

Niðurstaða.

Skoða verður umdeild ummæli í yfirlýsingu stefndu, Bjarnþóru Pálsdóttur, frá 12. desember 1994 í sambengi við ágreining, sem uppi var á þeim tíma um hundahald stefnanda. Hér var um mikið hitamál að ræða, þar sem stefnandi varðist af einurð gegn því að vera sviptur undanþágu frá banni við hundahaldi í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, sem nokkrir nágrennar

hans leituddust aftur á móti við að fá framgengt af ástæðum, er borgarráð tók að lokum gildar og hlutu staðfestingu með dómi, er gekk um gildi ákvörðunar borgarráðs um að afturkalla leyfi stefnanda til hundahalds.

Stefnda hafði búið að Álakvísl 124 um skeið, en hafði, er hér var komið sögu, flust þaðan, og höfðu fyrrverandi nágrennar hennar farið þess á leit við hana, að hún legði þeim lið í baráttu þeirra gegn því, að stefnandi héldi hund á heimili sínu að Álakvísl 126, með því, að hún gerði nokkra grein fyrir reynslu sinni af hundahaldi stefnanda þann tíma, er hún bjó í næstu íbúð við stefnanda að Álakvísl. Útkoman varð ádurgreind yfirlýsing stefndu frá 12. desember 1994.

Stefnandi tiltekur þau ummæli úr yfirlýsingu stefndu, sem hann gerir kröfu um, að verði dæmd ógild. Fallist er á, að með ummælunum: „Ég held, að þessi einstaklingur sé ekki heill á geði“ ..., hafi stefnda, Bjarnþóra Pálsdóttir, misgert við stefnanda og brotið gegn 234. gr. laga nr. 19/1940. Verða þessi ummæli dæmd ómerk. Önnur ummæli stefndu, er hér eru til álita, verða að teljast, einkum í ljósi atvika og þeirra aðstæðna, sem þau voru viðhöfð, innan marka þess tjáningarfrelsis, sem varið er af ákvæðum 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 11. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995.

Eins og vikið var að, var yfirlýsing stefndu, Bjarnþóru, lögð fram á fundi borgarráðs 13. desember 1994. Upp frá því var skjalið opinbert plagg. Stefnda, Hjörleifi B. Kvaran, var því vítalaut að leggja það fram í máli stefnanda gegn Reykjavíkurborg og vísa til þess við málsmeðferð, enda varðaði það beinlínis sakarefnið, sem þar var til álita.

Málsókn þessi hófst gegn stefndu, Bjarnþóru, með stefnu, birtri 21. ágúst 1996. Frestur til að hafa uppi refsikröfu var því liðinn samkvæmt 29. gr. laga nr. 19/1940, er mál þetta var höfðað.

EKKI verður talið, að ærumeiðandi aðdróttun hafi falist í hinum átöldu ummælum stefndu, Bjarnþóru, þannig að efni séu til að dæma hana til að greiða stefnanda miskabætur.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda, Hjörleifi B. Kvaran, 65.000 krónur í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur. Að öðru leyti verður málskostnaður ekki dæmdur.

Þóknun lögmanns stefndu, Bjarnþóru, 241.219 krónur með virðisaukaskatti greiðist úr ríkissjóði.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hjörleifur B. Kvaran, er sýkn af öllum kröfum stefnanda, Runólfs Oddssonar. Stefnandi greiði stefnda, Hjörleifi, 65.000 krónur alls í málskostnað.

Hin átöldu ummæli, sem getið er í forsendum dómsins, eru ómerk. Stefnda, Bjarnþóra Pálsdóttir, er sýkn af dómkröfum stefnanda að öðru leyti.

Þóknun lögmanns stefndu, Bjarnþóru, 241.219 krónur með virðisaukaskatti greiðist úr ríkissjóði.
